



Hvutti
Hagsmunafélag hunda á Suðurnesjum
Stofnað 23 nóvember 2022

Um okkur

Markmið Hvutta, Hagsmunafélags hunda á Suðurnesjum, er að gera átak í að bæta aðstöðu til útivistar hunda og eigenda þeirra og auka þar með gæði og ánægju samverustunda eigenda og þessara ómetanlegu ferfættu vina þeirra. Við höfum óskað eftir að bæjaryfirvöld komi til móts við okkur með að útbúa fleiri hundagerði og myndu félagsmenn og hundaeigendur sjá um að halda þeim hreinum og snyrtilegum. Við óskum einnig eftir því að reglur verði rýmkaðar um hvar má vera með hunda. Til að koma til móts við samfélagið gæti félagið tekið þátt í eða búið til samfélagsverkefni til fjáröflunar, t.d hreinsa svæði af rusli.

Það er þekkt staðreynd að samband hunds og manns hefur góð áhrif á sálarlíf og líðan eigandans og því má telja það samfélagslegt verkefni að bæta aðstöðu til útivistar og gæðastunda hunds og eiganda hans. Við stefnum einnig að því að þjálfa hunda til að fara í heimsóknir á elliheimili, leikskóla og fleiri staði til að sem flestir geti notið samveru við þessi dásamlegu dýr.



Hvutti-Hagsmunafélag hunda á Suðurnesjum óskar eftir samstarfi við Reykjanesbæ varðandi hreinsun á Pattersons-væðinu sem mikið er notað af hundaeigendum til útiveru.

Á svæðinu er búið að losa töluvert af rusli frá heimilun (sófa, rúm, þvottavélar) til að nefna eitthvað. Töluvert smárusl er í opnu skemmunum sem verður hreinsað út. Einnig er víða gaddavír sem stendur upp úr jarðveginum og járnarusl frá því herinn notaði svæðið.

Hugmyndin er að Hvutti fái sjálfbóðaliða í hreinsunarstarfið.

Ætlum að fá litla beltavél til að draga saman í hrúgur áður en við fáum gáma á svæðið.

Fá svo gáma hjá fyrirtæki Kristjáns á Fitjabraut eftir þörfum þegar nægilegt magn hefur flokkast fyrir hvern flokk miðað við móttöku hjá Kólku eða öðrum sem taka við úrgangi til endurvinnslu.

Við munum einnig fara með eitthvað á kerrum í Kólku þar sem við vonumst eftir að sjálfbóðaliðar gætu útvegað bíl og kerru eftir þörfum og farið þannig með rusl

Reykjanesbær mundi greiða fyrir inn viktað sorp í Kólku

Ef af þessu verður og við förum í verkið gætum við þurft að fá lánað hjá ykkur hjólbörur, handverkfæri, hrífur, skóflur og heimilis ruslagáma – tunnur og mögulega dráttarvél með kúst að framan til að fara yfir svæði þar sem mikið er um gler og smáflísar.

Við munum vinna verkið eins hratt og kostur er. En það er ljóst að það verður gert í einhverjum áföngum og að verkið verði klárað ekki síðar en í lok apríl eða fyrr.

Fulltrúi frá umhverfissviði gæti tekið svæðið út þegar við teljum hreinsun lokið miðað við það sem við setjum fram sem fylgigögn.

Óskum eftir uppsetningu á þrem rusladöllum með skiltum til notenda svæðisins. Ganga vel um, ekki henda rusli og muna að taka upp skít eftir þinn hund.

Skiltið yrði með merki Hvutta og upplýsingum um félagið einnig. (Vinsamlegast gangið vel um svæðið og hendið ekki rusli á svæðið) eða (bannað að henda rusli á víðavangi)


Kort með útlínunum af svæðinu sem við munum hreinsa.

Ljósmyndir af svæðinu.

Einnig ráðleggjum við að setja upp steiptar lokanir við innkeyrslurnar að skýlunum til að koma í veg fyrir að hægt sé að keyra inn á milli og í skjól til að losa rusl.

Sjá rauðar línur á korti

Óskum við eftir 500.000 kr fyrir verkið og til stuðnings áframhaldandi félagsstarfi Hvutta.





Hvutti – Hagsmunafélag hunda á Suðurnesjum

Keflavík 14 febrúar 2023





Hvutti – Hagsmunafélag hunda á Suðurnesjum

Keflavík 14 febrúar 2023

